

Dalabyggð

Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri

Að beiðni sveitarstjóra Dalabyggðar hefur undirritaður tekið saman eftirfarandi álit vegna fyrirhugaðra framkvæmda við íþróttamannvirki í Búðardal fyrir allt að 1.300 millj. kr. á árunum 2024-2025. Álit þetta er tekið saman í samræmi við ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum, um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Lagaákvæðið er eftirfarandi:

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.

Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Dalabyggðar hefur nú til umræðu áform um fjárfestingu í íþróttamannvirki í Búðardal fyrir allt að 1.300 millj. kr. á árunum 2024-2025. Gangi áætlanir eftir er reiknað með því að mannvirkið verði tekið í notkun síðari hluta árs 2025. Áætlanir gera ráð fyrir því að rekstrarkostnaður vegna húsnæðisins og þeirrar starfsemi sem í því verður falli til frá miðju ári 2025.

Miðað við áætlaðan framkvæmdakostnað er um að ræða fjárfestingu sem telst veruleg eða um 136% af áætluðum skatttekjum skv. fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árin 2024-2027. Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti fjárhagsáætlunina við síðari umræðu þann 7. desember 2023. Sérfræðiálit þetta byggir á upplýsingum umræddrar fjárhagsáætlunar ásamt 10 ára áætlun sveitarfélagsins sem unnin var í tengslum við sérfræðiálit þetta.

Fjárhagsáætlun Dalabyggðar 2024-2027							
fjárhæð í m.kr.	Íþróttamiðstöð	Rauntölur		Fjárhagsáætlun			
		2022	Útkomuspá 2023	2024	2025	2026	2027
Útsvar og fasteignaskattur		447	503	556	589	617	647
Framlög Jöfnunarsjóðs		349	353	400	412	423	433
Samtals skatttekjur til grundvallar		796	856	956	1.001	1.040	1.080
Fjárfesting íþróttamiðstöð	1.300						
Fjárfesting / skatttekjur		163%	152%	136%	130%	125%	120%

Fyrirhugað er að fjármögnun framkvæmdakostnaðar vegna íþróttahúss og annarra framkvæmda í Eignasjóði sé í formi lántöku að fjárhæð 1.100 millj. kr., með sölu á eignum sveitarfélagsins að Laugum í Sælingsdal að fjárhæð 191,6 millj. kr. auk skammtíamfjármögnunar frá Aðalsjóði. Í áætlunum er gert ráð fjármögnun með lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga og að um verði að ræða verðtryggt lán með lánstíma til 32 ára með 2,5% vöxtum.

Fjárfesting af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir og fjármögnun hennar í formi lántöku mun hafa veruleg áhrif á helstu mælikvarða fjárhags sveitarfélagsins til lengri tíma. Meðfylgjandi töflur tilgreina helstu lykiltölur fjárhagsáætlunar árunum 2024-2027 annars vegar með fjárfestingu í íþróttamannvirki og hins vegar án. Áhrifin eru einna helst í formi aukins launa- og rekstrarkostnaðar, aukinna afskrifta og fjármagnskostnaðar sökum lántöku.

Við áætlun á auknum launa- og rekstrarkostnaði vegna íþróttamannvirkja var m.a. stuðst vð upplýsingar frá sveitarfélaginu Húnaþing Vestra.

Lykiltölur - A og B hluti fjárhagsáætlun 2021-2025, með íþróttamiðstöð						
	Raun	Útkomu-	Áætlun			
	2022	spá 2023	2024	2025	2026	2027
Framlegð	4,5%	12,9%	15,6%	22,1%	14,6%	14,2%
Veltufé frá rekstri / heildartekjum	8,5%	(1,4%)	16,1%	10,5%	12,7%	12,3%
Rekstrarniðurstaða / heildartekjum	(1,1%)	6,5%	7,8%	11,3%	2,0%	2,3%
Veltufjárhlutfall	1,19	0,75	0,69	1,14	1,04	1,08
Eiginfjárhlutfall	0,54	0,58	0,45	0,41	0,41	0,42
Skuldahlutfall	62,3%	48,9%	112,5%	137,7%	136,9%	130,0%
Rekstrarjöfnuður 3 ára*	41	100	162	315	250	194
Skuldaviðmið	24,6%	25,6%	84,1%	105,9%	107,3%	101,1%

Lykiltölur - A og B hluti fjárhagsáætlun 2021-2025, án íþróttamiðstöðvar						
	Raun	Útkomu-	Áætlun			
	2022	spá 2023	2024	2025	2026	2027
Framlegð	4,5%	12,9%	15,6%	25,3%	16,2%	15,8%
Veltufé frá rekstri / heildartekjum	8,5%	(1,4%)	16,9%	15,2%	16,8%	16,3%
Rekstrarniðurstaða / heildartekjum	(1,1%)	6,5%	10,5%	20,1%	10,5%	10,5%
Veltufjárhlutfall	1,19	0,75	0,97	3,27	3,60	4,09
Eiginfjárhlutfall	0,54	0,58	0,62	0,68	0,69	0,71
Skuldahlutfall	62,3%	48,9%	56,7%	51,6%	54,6%	52,1%
Rekstrarjöfnuður 3 ára*	41	100	192	448	477	485
Skuldaviðmið	24,6%	25,6%	27,8%	0,0%	0,0%	0,0%

Fjárhagur 2022 -2027 A og B hluti, með íþróttamiðstöð						
fjárhæð í millj.kr.	Rauntölur	Útkomuspá	Fjárhagsáætlun			
	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	1.153.677	1.373.011	1.105.395	1.240.431	1.235.494	1.289.308
Rekstrargjöld	(1.134.765)	(1.231.971)	(985.728)	(1.038.962)	(1.144.755)	(1.194.438)
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	(31.903)	(51.983)	(33.807)	(61.343)	(66.284)	(65.693)
Rekstrarniðurstaða	(12.991)	89.057	85.859	140.126	24.455	29.178
Efnahagur:						
Eignir	1.620.676	1.649.014	2.292.903	2.928.752	2.908.802	2.923.013
Eigið fé	901.892	977.588	1.049.632	1.220.902	1.217.421	1.246.784
Skuldir og skuldbindingar	718.783	671.426	1.243.270	1.707.850	1.691.380	1.676.229
Sjóðstreymi:						
Handbært fé í upphafi	216.201	154.002	46.119	44.470	128.321	103.181
Handbært fé frá rekstri	116.266	(16.867)	153.334	129.491	155.257	157.657
Fjárfestingarhreyfingar	(132.755)	7.583	(104.000)	196.181	(93.500)	(144.130)
Íþróttamiðstöð		0	(600.000)	(700.000)	0	0
Lántaka	5.400	60.000	600.000	500.000	0	0
Afborganir lána	(48.610)	(145.053)	(36.982)	(72.780)	(54.151)	(52.091)
Aðrar fjárfestingarhreyfingar	(2.500)	(13.546)	(14.000)	30.959	(32.746)	48.130
Handbært fé í lok árs	154.002	46.119	44.470	128.321	103.181	112.747
Lykiltölur:						
Framlegðarhlutfall	4%	13%	16%	22%	15%	14%
Veltufjárhlutfall	1,19	0,75	0,69	1,14	1,04	1,08
Eiginfjárhlutfall	0,54	0,58	0,45	0,41	0,41	0,42
Skuldahlutfall	62%	49%	112%	138%	137%	130%
Jafnvægisregla	40.720	100.151	161.926	315.042	250.440	193.759
Skuldaviðmið	25%	26%	84%	106%	107%	101%

05.

Samantekið eru áhrif fyrirhugaðrar fjárfestingar í íþróttamiðstöð í Búðardal á fjárhag sveitarfélagsins, að öðru óbreyttu eftirfarandi:

Fjárhagsáætlun - A og B hluti áhrif fjárfestingar íþróttamiðstöð						
fjárhæð í millj.kr.	Rauntölur		Fjárhagsáætlun			
	2022	Útkomuspá 2023	2024	2025	2026	2027
Rekstrartekjur	0	0	0	35.391	105.269	108.011
Rekstrargjöld	0	(0)	(7.500)	(89.321)	(140.927)	(144.251)
Fjármunatekj. og (fjármagnsgj.)	0	0	(22.838)	(48.473)	(58.227)	(58.315)
Rekstrarniðurstaða	(0)	(0)	(30.338)	(102.403)	(93.885)	(94.555)
Efnahagur:						
Eignir	0	0	586.190	953.547	847.448	739.625
Eigið fé	0	0	(30.338)	(132.741)	(226.627)	(321.181)
Skuldir og skuldbindingar	0	0	616.528	1.086.288	1.074.074	1.060.806
Sjóðstreymi:						
Handbært fé frá rekstri	0	0	(8.138)	(52.657)	(32.412)	(34.473)
Afborgarnir lána	0	0	1.828	(56.236)	(40.457)	(40.120)
Lykiltölur:						
Framlegðarhlutfall	0,00	0,00	0,00	-0,03	-0,02	-0,02
Veltufjárhlfall	0,00	0,00	-0,28	-2,13	-2,56	-3,01
Eiginfjárhlfall	0,00	0,00	-0,17	-0,27	-0,28	-0,29
Skuldahlutfall	0%	0%	56%	86%	82%	78%
Jafnvægisregla	0	0	(30.338)	(132.741)	(226.627)	(290.843)
Skuldaviðmið	0%	0%	56%	106%	107%	101%


Það er ljóst af þeim tölum sem hér fylgja með að fjárfesting í íþróttamannvirkjum hefur veruleg áhrif á rekstrarstöðu Dalabyggðar.

Í undirbúningi og aðdraganda ákvörðunar um byggingu íþróttamannvirkja hefur ýmsum fyrirhugðum fjárfestingum á öðrum sviðum verið frestað. Ennfremur hefur verið farið í sölu á eignum eins og jörðum, íbúðum o.fl. þannig að losað hefur verið um fjárbindingar. Félagslegar íbúðir voru seldar inn í Leigufélagið Bríet. Jafnframt hefur sveitarfélagið losað sig undan rekstri davalarheimilisins Silfurtúns sem tekið hefur til sín umtalsverða fjármuni úr sveitarsjóði á hverju ári. Þar er um á bilinu 30 til 35 mkr sparnað á ári, en samtals hefur sveitarfélagið lagt rekstri Silfurtúns til á 5. hundrað milljónir á undanförunum árum. Þessu til viðbótar er unnið að því að losa sveitarfélagið undan B hluta rekstri ljósleiðarkerfisins í sveitarfélaginu með sölu á því til fjarskiptafélags, en sá rekstur hefur verið að kosta sveitarfélagið um 9 mkr. á ári.

Við yfirferð þeirra gagna sem fyrir liggja er eins og sjá má í tölum hér að ofan, þar sem gerður er samanburður á fjárhag með og án íþróttamannvirkja að skuldahlutfall hækkar en er undir þeim viðmiðunum sem sveitarstjórnarlög kveða á um. Það ljóst að ætli sveitarstjórn að fara í þessa fjárfestingu þarf hún að huga vel að framlegðarstigi rekstrar, en miðað við þær forsendur sem fyrir liggja á sveitarfélagið Dalabyggða að ráða við þessa fjárfestingu

Borgarnesi, 10. janúar 2024

Virðingarfyllst,



Ólafur Sveinsson
hagverkfræðingur